

# Ársskýrsla Norðurlandsskóga 2005



Samantekt .....	2
Tíðarfar og vöxtur .....	2
Námskeið og kynning .....	3
Samningar .....	4
Grisjun .....	4
Stjórn og starfsmenn .....	4
Áhöld og tæki .....	5
Plöntukaup .....	5
Fjármál .....	5
Rannsóknarstarf .....	5
Framkvæmdir – heildaryfirlit .....	6
Vestur – Húnavatnssýsla .....	12
Austur – Húnavatnssýsla .....	13
Skagafjarðarsýsla .....	14
Eyjafjarðarsýsla .....	15
Suður - Þingeyjarsýsla .....	16
Norður - Þingeyjarsýsla .....	17
Lykiltölur .....	18
Fundargerðir stjórnar Norðurlandsskóga .....	19
Ársreikningur .....	25

*Samantekt: Valgerður Jónsdóttir*

## Samantekt

Framkvæmdir gengu vel á árinu þrátt fyrir að tíðarfar væri afar óhagstætt til framkvæmda bæði vor og haust. Gróðursettar voru 1.381.305 plöntur sem er met á Norðurlandi. Einnig náðist það takmark að gróðursett var fimm-miljónasta plantan frá upphafi Norðurlandsskógaverkefnisins. Alls hafa því verið gróðursettar 5.135.863 plöntur frá upphafi verkefnisins árið 2000. Talsvert meira var unnið af jarðvinnslu og slóðagerð en undanfarin ár en þessum verkþáttum hefur verið frestað eins og hægt hefur verið vegna fjárskorts síðustu ára.

Gróðrarstöðvum gekk betur að standa við samninga heldur en árið áður og voru gæði plantna sem afhentar voru í góðu lagi. Þó vantaði í heildina nokkuð upp á að fengjust allar þær plöntur sem samið hafði verið um.

Á árinu tókst endanlega að klára biðlistann sem verið hefur um inngöngu í verkefnið frá upphafi og hægt var að taka inn nær alla sem tilbúnir voru til að hefja framkvæmdir. Alls voru gerðir 9 nýjir samningar á árinu og í árslok eru því 123 samningsbundnar jarðir í Norðurlandsskógum. Nýjar umsóknir berast jafnt og þétt og vonast er til að hægt verði að taka inn alla þá sem uppfylla skilyrði til skógræktar á næstu árum.

Lokið var vinnu við sérstakt svæðisskipulag fyrir Norðurlandsskóga sem unnið hefur verið að með hléum allt frá árinu 1998. Haldnir voru 3 kynningafundir á starfssvæðinu í samvinnu við skipulagsstofnun. Skipulagsstofnun samþykkti skipulagið og sendi til staðfestingar í umhverfisráðuneytinu um miðjan september. Skipulagið hafði ekki fengið afgreiðslu þaðan í árslok.

Framkvæmdarstjórar landshlutabundnu skógræktarverkefnanna ásamt fulltrúum frá skógrækt ríkisins og landssambands skógareigenda unnu að sameiginlegum athugasemdum við drög að endurskoðuðum lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni. Lögin hafa ekki verið lögð fram á alþingi en stefnt er að því á vorþingi 2006.

## Tíðarfar og vöxtur

Í byrjun árs var hiti yfir meðallagi og úrkoma mjög lítil. Á Akureyri var meðalhiti í febrúar t.d. 2,3 °C yfir meðaltali og eins snjólétt hefur ekki mælst þar síðan árið 1932. Mars var síðan óvenju hlýr og þurr og um páskana fór hitinn á landinu víða yfir 15°C en úrkoma var langt undir meðaltali. Maí mánuður var síðan afar óhagstæður gróðri, þurr og sólríkt og frostnætur nær allan mánuðinn. Ekki var hægt að byrja að keyra plöntur út á dreifingastöðvar fyrr en í lok maí vegna næturfrosta og setti þetta talsvert strík í reikninginn varðandi gróðursetningar sem drögust lengra fram á sumarið en venjan er.



*Það var oft kuldaleg við gróðursetningu í haust.*

Mikið rigndi síðan í júní og ágúst og hiti var í meðallagi. Haustið var einnig óvenjulegt en fremur kalt var og úrkoma langt yfir meðaltali það byrjaði svo að snjóa um 20. september og fáir snjólausir dagar voru það sem eftir lifði gróðursetningatímabilsins. Þetta tíðarfar gerði bændum erfitt fyrir og urðu menn að sæta lagi að koma niður plöntum. Þrátt fyrir þessa ótíð tókst að gróðursetja þær plöntur sem áætlað var.

Trjávöxtur var nálægt meðallagi á Norðurlandi og talsvert frá því að ná vexti ársins á undan sem var óvenju mikill.

## Námskeið og kynning

Námskeiðaröðinni Grænni skógum lauk í vor með því að 18 skógarbændur útskrifuðust eftir skjólbeltanámskeið sem haldið var að Hofi í Vatnsdal.

Grænni skógar er skógræktarnám á vegum Starfs- og endurmenntunardeildar Landbúnaðarháskóla Íslands í samstarfi við Norðurlandsskóga, Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins og Félag skógarbænda á Norðurlandi. Bændurnir hafa verið í náminu í þrjú ár og er nám þeirra metið til 16 eininga á framhaldsskólastigi. Starfsfólk Norðurlandsskóga kom mikið að kennslunni ásamt öðrum sérfræðingum á sviði skógræktar- og landgræðslu í landinu. Í náminu var m.a. fjallað um val á trjategundum, skógarhönnun og landnýtingaráætlanir, undirbúning lands fyrir skógrækt, framleiðslu og gróðursetningu skógarplantna, skógarumhirðu, skógarnytjar, sjúkdóma og skaða í skógi, skjólbelti, skógarhöggstækni og verndun fornminja og náttúru í skógrækt svo eitthvað sé nefnt. Þá var vikuferð til útlanda hluti af náminu þar sem þátttakendur kynntust því helsta sem nágrennapjóðir okkar eru að gera í skógrækt. Í náminu er mikil áhersla lögð á vettvangsferðir þar sem þátttakendur fara út í skóg og fá þannig meiri og betri tilfinningu fyrir því sem verið er að fjalla um hverju sinni. Þá má geta þess að nú er unnið að námsbók fyrir Grænni skóga, sem reiknað er með að komi út vorið 2006. Meðfylgjandi mynd var tekin af útskriftarhópi Grænni skóga á Norðurlandi, ásamt forsvarsmönnum Norðurlandsskóga og Landbúnaðarháskólans.



Útskriftarhópur Grænni skóga

Starfsmenn Norðurlandsskóga sóttu nokkra fræðslufundi og ráðstefnur á árinu. Brynjar tók þátt í skógræktarferð til Nýfundnalands í ágúst og Johan dvaldi í Kanada í 3 vikur þar sem hann kynnti sér aðferðir við úttekt og gróðursetningu.

## Samningar

Samningar um plöntukaup sem gerðir voru í kjölfar útboðs árið 2003 voru framlengdir við Gróðrarstöðina í Kjarna um 698.000 plöntur, Sólskóga um 480.000 plöntur og Gróðrarstöðina Mörk um 79.000 plöntur. Garðyrkjustöðin á Grísará hætti starfsemi á árinu og var því samningur um 70.000 plöntur ekki framlengdur. Einnig var framlengdur ræktunarsamningur frá 2001 við Barra hf. Um 375.000 plöntur.

9 nýjir skógræktarsamningar voru gerðir á árinu og eru skógræktarsamningar í árslok 123 talsins og ná samtals yfir 6.584 ha.

## Grisjun

Unnið var við grisjun með kjarrsög í nokkrum reitum í vor. Jafnframt voru gerðar tímamælingar til að auðveldara sé að átta sig á kostnaði við grisjun á næstu árum, en búast má við að grisjunarþörf árlega verði einhverjir tugir hektara innan fimm ára. Mikilvægt er að grisjun dragist ekki þangað til skógurinn er orðin of stórvaxinn til að hægt sé að nota kjarrsög en kostnaður við grisjun með hefðbundinni keðjusög er margfaldur miðað við grisjun með kjarrsög.



*Kjarrsögun*

## Stjórn og starfsmenn

Í stjórn Norðurlandsskóga eru þeir Stefán Guðmundsson formaður f.h. landbúnaðarráðherra, Sigurður Skúlason f.h. Skógræktar ríkisins, Stefán Tryggvason f.h. félags skógarbænda á Norðurlandi og Þorvaldur Böðvarsson f.h. Skógræktarfélagi á Norðurlandi. Haldnir voru 5 stjórnarfundir á árinu.

Starfslíð Norðurlandsskóga var það sama og undanfarið ár. Valgerður Jónsdóttir er framkvæmdastjóri, Brynjar Skúlason svæðisstjóri í Eyjafirði og hluta S-Þingeyjarsýslu vestan Kinnarfjalla og Fljótsheiðar, Johan Holst er svæðisstjóri í Skagafirði og Húnavatnssýslum og Guðríður Baldvinsdóttir er svæðisstjóri í N-Þing og S-Þing austan Kinnarfjalla. Johan og Guðríður voru í fæðingaorlofi hluta árs. Sumarstarfsmaður í N-Þing var Hildur Stefánsdóttir og Páll Sigurðsson var í sumarstarfi við endurkortlagningu eldri skógræktarsvæða.

Ársverk hjá Norðurlandsskögum voru 3,4 að teknu tilliti til fæðingarorlofs.

## Áhöld og tæki

Keyptir voru gróðursetningarstafir og plöntubelti sem afhent-voru þeim skógarbændum sem ekki höfðu fengið slík áhöld áður. Einnig var keyptur vélflekkjari í samvinnu við verktaka til notkunar í N-Þingeyjarsýslu.



Keyptur var vélflekkjari til notkunar í N-Þing.

## Plöntukaup

Á þessu ári voru keyptar um 30.000 plöntur af Garðyrkjustöðinni á Grísará, um 545.000 af Gróðrarstöðinni Barra, um 456.000 af Gróðrarstöðinni í Kjarna, um 345.000 frá Sólskógum og um 2.000 plöntur af Gróðrarstöðinni Mörk og Skógrækt ríkisins á Vöglum.

Ein dreifingarstöð fyrir plöntur bættist við á árinu það er að Hólabaki í A-Hún. Áfram voru dreifingastöðvar í Sandfellshaga í N-Þing. á Vöglum í S-Þing. Kríthól í Skagafirði og í Kjarna í Eyjafirði.

## Fjármál

Fjárveiting á árinu 2005 var 104,8 mkr. Samkvæmt þingsályktunartillögu sem samþykkt var vorið 2003 var áætluð fjárveiting á árinu 118,6 mkr. m.t.t. verðlagsbreytinga, þannig að upp á vantar tæpar 14 mkr.

Fjárhagurinn á árinu var þó góður um áramót sökum þess að ekki allar fengust allar þær plöntur sem ráð hafði verið fyrir gert. Það er þó ljóst að ekki verður hægt að standa við markmið laganna um aukningu skóglendis um 5% á starfssvæði Norðurlandsskóga á 40 árum verði ekki aukning á fjárveitingum frá því sem nú er.

## Rannsóknarstarf

Eitt af markmiðum Norðurlandsskóga er að styðja við rannsóknarstarf tengt skógrækt. Norðurlandsskógar hafa komið að fjölmörgum rannsóknarverefnum í samvinnu við rannsóknarstöð skógræktar ríkisins og fleiri aðila. Á árinu var veitt fjármagn til verkefnis á vegum Rannsóknarstöðvarinnar á Mógilsá sem kallað er “Betri tré”. Markmið verkefnisins er að tryggja íslenskri trjárækt betri efnivið. Haldið var áfram samvinnu við Mógilsá með tilraunir um ryðþolna asparklóna, kvæmatilraun á skógarfuru og rauðgreni og samanburð á gróðursetningatímum á skógarplöntum.

## Framkvæmdir – heildaryfirlit

### Skógrækt

Gróðursett var á 100 jörðum, alls rúmlega 1,3 miljónir plantna á vegum Norðurlandsskóga árið 2005 og er það aukning um rúmlega 180 þúsund plöntur frá árinu áður. Þinglýstir skógræktarsamningar voru 122 í árslok um alls 6.584 ha.

### Heildargróðursetning í skógrækt

N-Þing	Birki	Elri	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Annað	Samtals
Brekka	3.040	80			2.600	177				5.897
Garður	3.600	200	1.402		9.720	70				14.992
Garður 1	3.400		1.940	3.400	20.860					29.600
Gilhagi 2	708	80	1.482	2.400	1.120	133		30		5.953
Lindarbrekka	1.800		603			48				2.451
Lón 2	680		320	2.320	3.120	48				6.488
Presthólar	2.640	80		1.280	2.800	63				6.863
Sandfellshagi 2	4.180	160	2.539	2.000	8.800	48	280			18.007
Snartarstaðir 2	5.120	440	2.480		17.200	48	1.855			27.143
Syðri-Bakki	80			80	80			144		384
Valþjófsstaðir 1	3.000	160	200		4.320	118	5.450			13.248
Ærlækur	1.800				5.200	35	490			7.525
	<b>30.048</b>	<b>1.200</b>	<b>10.966</b>	<b>11.480</b>	<b>75.820</b>	<b>788</b>	<b>8.075</b>	<b>174</b>	<b>0</b>	<b>138.551</b>

S-Þing.	Birki	Elri	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Annað	Samtals
Ártún	1.024			2.680	10.000	140				13.844
Brúnagerði		120	1.040	2.437	7.880	105				11.582
Draflastaðir		80	2.000	2.512	4.200	70	70			8.932
Engi	3.921					120	595	545	24	5.205
Engidalur	4.332					105		35		4.472
Fellshlíð	640			8.320	3.520	140		2.352		14.972
Gautlönd	10.400					210				10.610
Hallgilsstaðir	500	200	660	80	3.200			48	24	4.712
Hjalli	1.280			360	2.680	60		850		5.230
Hjaltastaðir-skóg			3.000	2.000	7.000					12.000
Hrísgerði			1.420	3.000	16.300					20.720
Hróarsstaðir		180	3.000	710	2.500		95		24	6.509
Jódísarstaðir				1.040	1.520					2.560
Kárhóll	3.000	120		1.040	3.320	140				7.620
Landamót				4.000	8.000					12.000
Litlaströnd	5.800	260	120		8.080	105				14.365
Lundarbrekka 2	1.500		40	7.054	1.000	35	630	35		10.294
Meðalheimur					6.000					6.000
Melar/Hjarðarholt	5.600	120	2.600	1.600	9.440	105				19.465
Narfastaðir	3.480		1.869	4.552	3.000			2.472		15.373
Nes	3.500		5.760		5.760					15.020
Núpar/Kjölur	2.760	80			1.600	70	385			4.895
Ófeigsstaðir	2.160			720	1.040					3.920
Pálmholt	400		2.720	5.560	2.640					11.320
Sandvík	2.000	100			9.120					11.220
Tungunes	2.260		1.000		13.800					17.060
Víðifell	1.000	120	1.000	1.000	7.000					10.120
Víðivellir			2.500	1.000	10.520	105				14.125

	<b>55.557</b>	<b>1.380</b>	<b>28.729</b>	<b>49.665</b>	<b>149.120</b>	<b>1.510</b>	<b>1.775</b>	<b>6.337</b>	<b>72</b>	<b>294.145</b>
--	---------------	--------------	---------------	---------------	----------------	--------------	--------------	--------------	-----------	----------------

<b>Eyjafj.</b>	Birki	Elri	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Annað	Samtals
Ásláksstaðir, Hörg.	400			6.720	1.800					<b>8.920</b>
Ásláksstaðir Arn.hr.	312		1.400		8.120					<b>9.832</b>
Brekkukot			720	520	1.591					<b>2.831</b>
Espihóll	2.000	280	1.520	1.520	6.840			128		<b>12.288</b>
Flaga					2.000	105				<b>2.105</b>
Gerði			680	1.520	3.800	105				<b>6.105</b>
Glæsibær	9.160		2.300	4.512	720	490		630		<b>17.812</b>
Hesjuvellir				2.560	536					<b>3.096</b>
Hólsgerði	800		2.040		23.240	210		768		<b>27.058</b>
Hraukbæjarkot	140	80	120	504	600	70				<b>1.514</b>
Kroppur	10.727		3.560	6.632	4.800			2.905		<b>28.624</b>
Reykhús			520		480	70				<b>1.070</b>
Rútsstaðir				3.072						<b>3.072</b>
Samkomugerði 2	805	480			5.760	70				<b>7.115</b>
Skjaldarstaðir			2.360		7.960					<b>10.320</b>
Steðji	800		1.000		3.000	210			490	<b>5.500</b>
Syðra-Hvarf	2.480		2.000	2.800	9.000			700		<b>16.980</b>
Syðra-Laugaland	1.000			2.520	80					<b>3.600</b>
Ytri-Vík	1.490	80	800	2.504	9.160	210				<b>14.244</b>
Öngulsstaðir					2.400					<b>2.400</b>
	<b>30.114</b>	<b>920</b>	<b>19.020</b>	<b>35.384</b>	<b>91.887</b>	<b>1.540</b>	<b>0</b>	<b>5.131</b>	<b>490</b>	<b>184.486</b>

<b>Skagafj.</b>	Birki	Elri	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Annað	Samtals
Árgerði	1.350		1.280	480	3.000					<b>6.110</b>
Brennigerði	2.030	600	2.000	1.000	16.931	490				<b>23.051</b>
Brimnes					2.680					<b>2.680</b>
Brúnastaðir	1.000			1.000	4.400					<b>6.400</b>
Dalsmynni	1.000	40	336	2.592	9.440	600		1.992		<b>16.000</b>
Engihlíð	2.800			4.520	1.072			1.512		<b>9.904</b>
Flugumýrarhv.	2.135	40	1.568	72	4.520	24				<b>8.359</b>
Garðakot					3.000					<b>3.000</b>
Gautland	2.000		48	8.000		48		5.005		<b>15.101</b>
Kriðhóll 2	1.200		8.528	5.968	8.952	48		48		<b>24.744</b>
Kýrholt	10.005			1.944	20.006	724				<b>32.679</b>
Lón					1.000					<b>1.000</b>
Marbæli	2.995			2.512	7.099	153		7.523		<b>20.282</b>
Melar	1.015		1.000		12.600	140				<b>14.755</b>
Merkigarður	2.015	240	1.504	1.008	4.040	105				<b>8.912</b>
Mælifellsá	4.000									<b>4.000</b>
Neðri-Ás 1	5.165		2.000	2.000	11.000	175				<b>20.340</b>
Páfastaðir	3.500		4.000		12.000					<b>19.500</b>
Silfrastaðir	53.716	1.280	15.448	10.008	88.503	2.871	35	1.084		<b>172.945</b>
Stekkjaflatir.	1.000		544	280		192				<b>2.016</b>
Stóru-Reykir	2.000		1.000		4.000					<b>7.000</b>
Úlfsstaðir	1.048		1.000	2.504	4.000			490		<b>9.042</b>
Viðvík	2.000									<b>2.000</b>
	<b>101.974</b>	<b>2.200</b>	<b>40.256</b>	<b>43.888</b>	<b>218.243</b>	<b>5.570</b>	<b>35</b>	<b>17.654</b>	<b>0</b>	<b>429.820</b>


<b>A-Hún</b>	Birki	Elri	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Annað	Samtals
Bakki	1.855		1.520	2.200	4.440					<b>10.015</b>
Forsæludalur	2.030		1.000	1.000	8.000	42				<b>12.072</b>
Hamar	21.560		2.280	14.000	57.680	72		5.005		<b>100.597</b>

Hof	70		440		7.000	280				<b>7.790</b>
Kagaðarhóll	1.000		1.000	3.000	1.800	24		1.015		<b>7.839</b>
Litla-Búrfell	7.792		3.000			48				<b>10.840</b>
Saurbær	1.995		3.000	2.040	13.000	96				<b>20.131</b>
Stóra-Búrfell			1.000	1.000						<b>2.000</b>
	<b>36.302</b>	<b>0</b>	<b>13.240</b>	<b>23.240</b>	<b>91.920</b>	<b>562</b>	<b>0</b>	<b>6.020</b>	<b>0</b>	<b>171.284</b>

#### V-Hún.

Auðunnarstaðir	4.870		880		5.760					<b>11.510</b>
Barð	794		1.000	4.992						<b>6.786</b>
Barkarstaðir	945	200	2.520	3.480		245		1.015		<b>8.405</b>
Bessastaðir	980	400	3.520	2.016		42				<b>6.958</b>
Brekkulækur	665		680	1.040	1.000			1.505		<b>4.890</b>
Dæli			160	160	3.680					<b>4.000</b>
Gauksmýri	40.029		7.000		11.000	1.400				<b>59.429</b>
Núpdalstunga	1.015			88	2.000					<b>3.103</b>
Syðri-Kárastaðir	350		760	464						<b>1.574</b>
	<b>49.648</b>	<b>600</b>	<b>16.520</b>	<b>12.240</b>	<b>23.440</b>	<b>1.687</b>	<b>0</b>	<b>2.520</b>	<b>0</b>	<b>106.655</b>

	Birki	Elri	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Annað	Samtals
Alls gróðursett í skógrækt	303.643	6.300	128.731	175.897	650.430	11.657	9.885	37.836	562	1.324.941





## Skjólbelti

Skjólbelti voru ræktuð á 47 jörðum á Norðurlandi 2005. Heildarlengd miðað við einfalda röð um 56 km. og er það aukning frá fyrra ári um 7 km.

<b>N-Ping.</b>	Birki	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Annað	Samtals
Ytra-Lón		40			3.130	210		<b>3.380</b>
Þverá	40				35			<b>75</b>
Ærlækur		20			245	15		<b>280</b>
	<b>40</b>	<b>60</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>3.410</b>	<b>225</b>	<b>0</b>	<b>3.735</b>

<b>S-Ping.</b>	Birki	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Annað	Samtals
Ártún	35	40			385	35		<b>495</b>
Breiðanes	160	560		280	1.664	280	40	<b>2.984</b>
Draflastaðir					30			<b>30</b>
Hallgilsstaðir	50			50	635	35		<b>770</b>
Háls	100			50	250	100		<b>500</b>
Hjalli		20		105	875	140		<b>1.140</b>
Hjaltastaðir		30			600	30		<b>660</b>
Hléskógar					886	480		<b>1.366</b>
Lækjamót				30	1.600	320		<b>1.950</b>
Narfastaðir		160		15	630	245	20	<b>1.070</b>
Nes	30	30		110	920	100	40	<b>1.230</b>
Rauðaskriða 1	20	280		140	330	260	20	<b>1.050</b>
Sandvík	845	90		200	955	220		<b>2.310</b>
Þórisstaðir					420	138		<b>558</b>
Öndólfstaðir	40	20			280	35	40	<b>415</b>
	<b>1.280</b>	<b>1.230</b>	<b>0</b>	<b>980</b>	<b>10.460</b>	<b>2.418</b>	<b>160</b>	<b>16.528</b>

<b>Eyjafj.</b>	Birki	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Annað	Samtals
Ásláksstaðir ehf.		30			105			<b>135</b>
Engimýri	40	80		105	686	125	70	<b>1.106</b>
Hesjuvellir	100			200		270		<b>570</b>
Hlaðir			480		700			<b>1.180</b>
Holtssel	100			100	210	100	70	<b>580</b>
Hólar	225				1.500	500		<b>2.225</b>
Hólsgarði	40	220		45	875	250		<b>1.430</b>
Hólshús					910			<b>910</b>
Klauf	20			40	190	60	70	<b>380</b>
Moldhaugar		80			105	35		<b>220</b>
Sámsstaðir 1	119	200			400			<b>719</b>
Sigtún					990	250		<b>1.240</b>
Ytri-Bægisá	40	320			720	200		<b>1.280</b>
Ytri-Bægisá 2			40		595	118	40	<b>793</b>
Þverá 2			2.000					<b>2.000</b>
	<b>684</b>	<b>930</b>	<b>2.520</b>	<b>490</b>	<b>7.986</b>	<b>1.908</b>	<b>250</b>	<b>14.768</b>


<b>Skagafj.</b>	Birki	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Annað	Samtals
Dalsmynni				105	1.470	35		<b>1.610</b>
Flugumýri	70	48		105	770	70		<b>1.063</b>
Hofsstaðasel				105	875	105		<b>1.085</b>
Stóra-Seyla	210			140	2.870	140		<b>3.360</b>
	<b>280</b>	<b>48</b>	<b>0</b>	<b>455</b>	<b>5.985</b>	<b>350</b>	<b>0</b>	<b>7.118</b>

<b>A-Hún.</b>	Birki	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Annað	Samtals
Forsæludalur				28	719	140		<b>887</b>

Hólabak	15	29		24	1480	140		<b>1.688</b>
Saurbær	80	80			1160	175		<b>1.495</b>
	<b>95</b>	<b>109</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>3.359</b>	<b>455</b>	<b>0</b>	<b>4.070</b>

V-Hún.	Birki	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Annað	Samtals
Bessastaðir	570			81	3.279			<b>3.930</b>
Gauksmýri				35	1.575			<b>1.610</b>
Miðhóp	35				245	35		<b>315</b>
Neðri-Torfustaðir		72		24	1.522	105	64	<b>1.787</b>
Reykir 1					665	105		<b>770</b>
Sólbakki					375	35		<b>410</b>
Tannstaðabakki				35	1.520			<b>1.555</b>
	<b>605</b>	<b>72</b>	<b>0</b>	<b>59</b>	<b>9.181</b>	<b>280</b>	<b>0</b>	<b>10.197</b>

	Birki	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Annað	Samtals
Alls gróðursett í skjólbelti	2.984	2.449	2.520	1.984	40.381	5.636	410	56.364




Heildargróðursetning  
2005


Birki	Elri	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Annað	Samtals
306.627	6.300	128.731	178.346	652.950	13.641	50.266	43.472	972	1.381.305

Skipting eftir tegundum

Heildargróðursetning 2005



Hlutfall samningsbundinna skógræktarjarða af lögbýlum á starfssvæði Norðurlandsskóga



## Vestur – Húnavatnssýsla

### Samantekt


#### Skógrækt

Gróðursett var á 9 jörðum, alls rúmlega 95 þúsund plöntur og er það aukning frá fyrra ári um 53 þúsund plöntur. Jarðinnið var á einni jörð. Einn nýr skógræktarsamingur var gerður á árinu og eru 10 jarðir með skógræktarsamninga um alls 455 ha.


#### Skjólbelti

Skjólbelti voru ræktað á 7 jörðum. Miðað við einfalda röð var heildarlengd rúmlega 10 km. og er það heldur minna en á síðasta ári.


### Skipting milli tegunda í Vestur-Húnavatnssýslu 2005



### Heildargróðursetning í Vestur – Húnavatnssýslu 2005



#### Vestur-Húnavatnssýsla Hlutfall lögbýla



## Austur – Húnavatnssýsla Samantekt


### Skógrækt

Gróðursett var á 8 jörðum, alls rúmlega 171 þúsund plöntur og er það minnkun frá fyrra ári um 9 þúsund plöntur. Einn nýr skógræktarsamningur var gerður á árinu og samningssvæðið stækkað á einni jörð. 9 jarðir eru nú með skógræktarsamninga um alls 784 ha.


### Skjólbelti

Skjólbelti voru ræktuð á 3 jörðum. Miðað við einfalda röð var heildarlengd rúmlega 4 km. og er það talsvert minna en á síðasta ári.


### Skipting milli tegunda í Austur - Húnavatnssýslu 2005



### Heildargróðursetning í Austur – Húnavatnssýslu 2005



### Austur-Húnavatnssýsla Hlutfall lögbýla



## Skagafjarðarsýsla Samantekt


### Skógrækt

Gróðursett var á 23 jörðum, alls tæplega 430 þúsund plöntur og er það aukning frá fyrra ári um 35 þúsund plöntur. Einn nýr skógræktarsamingur var gerður á árinu og eru 29 jarðir nú með skógræktarsamninga um alls 1481 ha.


### Skjólbelti

Skjólbelti voru ræktuð á 4 jörðum. Miðað við einfalda röð var heildarlengd rúmlega 7 km. og er það heldur minna en á síðasta ári.


### Skipting milli tegunda í Skagafjarðarsýslu 2005



### Heildargróðursetning í Skagafjarðarsýslu 2005



### Skagafjarðarsýsla Hlutfall lögbýla



## Eyjafjarðarsýsla Samantekt


### Skógrækt

Gróðursett var á 20 jörðum, alls rúmlega 182 þúsund plöntur og er það aukning frá fyrra ári um 37 þúsund plöntur. Fjórir nýjir skógræktarsamingar voru gerðir á árinu og eru 28 jarðir nú með skógræktarsamninga um alls 1428 ha.


### Skjólbelti

Skjólbelti voru ræktuð á 15 jörðum. Miðað við einfalda röð var heildarlengd tæplega 15 km. og er það talsverð aukning frá síðasta ári.


### Skipting milli tegunda í Eyjafjarðarsýslu 2005



### Heildargróðursetning í Eyjafjarðarsýslu 2005



### Eyjafjarðarsýsla Hlutfall lögbýla



## Suður - Þingeyjarsýsla Samantekt


### Skógrækt

Gróðursett var á 28 jörðum, alls rúmlega 294 þúsund plöntur og er það aukning frá fyrra ári um 41 þúsund plöntur. Tveir nýjir skógræktarsamningar voru gerðir á árinu og eru 35 jarðir nú með skógræktarsamninga um alls 1741 ha.


### Skjólbelti

Skjólbelti voru ræktuð á 15 jörðum. Miðað við einfalda röð var heildarlengd tæplega 17 km. og er það nokkur aukning frá síðasta ári.


### Skipting milli tegunda í Suður - Þingeyjarsýslu 2005



### Heildargróðursetning í Suður - Þingeyjarsýslu 2005



### Suður-Þingeyjarsýsla Hlutfall lögbýla





## Norður - Þingeyjarsýsla Samantekt


### Skógrækt

Gróðursett var á 12 jörðum, alls rúmlega 138 þúsund plöntur og er það aukning frá fyrra ári um 11 þúsund plöntur. Enginn nýr skógræktarsamningur var gerður á svæðinu í ár og eru 12 jarðir nú með skógræktarsamninga um alls 695 ha.


### Skjólbelti

Skjólbelti voru ræktuð á 3 jörðum. Miðað við einfalda röð var heildarlengd tæplega 4 km. og er það nokkur aukning frá síðasta ári.


### Skipting milli tegunda í Norður - Þingeyjarsýslu 2005



### Heildargróðursetning í Norður - Þingeyjarsýslu 2005



### Norður-Þingeyjarsýsla Hlutfall lögbýla



## Lykiltölur

# Fundargerðir stjórnar Norðurlandsskóga

## 33. Stjórnarfundur Norðurlandsskóga 8. febrúar 2005.

Haldinn í Gömlu gróðrarstöðinni.

Allir stjórnarmenn mættir auk Valgerðar og Brynjars

Stefán setti fund og óskaði öllum til hamingju með nýtt húsnæði enda fyrsti fundur stjórnar í nýju húsi.

Valgerður óskaði fundarmönnum til hamingju með daginn sem er 5 ára afmælisdagur NLS uppá dag.

### 1. Staðan og starfið framundan

Í upphafi árs var hafist handa við framkvæmdir í Gömlu Gróðrastöðinni og er þeim rétt nýlokið innandyrna. Akureyrarbær ætlar í framkvæmdir á húsinu að utan í sumar og er áætlað að skipta um glugga og járn á þakinu.

Nýbúið er að halda starfsmannafund og fara yfir vekefni fram til vorsins og þeim skipt niður á starfsmenn. Gugga er að taka í gegn heimasíðuna og framundan er gerð ársskýrslu. Farið var yfir vinnureglur sem gengið verður frá og sendar til þátttakenda í verkefninu og hafðar á heimasíðunni. Verið er að ljúka við skráningu framkvæmda á einstökum jörðum. Kynning á svæðisskipulaginu hefst í lok febrúar. Stefnt er að þrem kynningum á Norðurlandi sem verða auglýstar sérstaklega.

Guðríður er komin til starfa að nýju eftir fæðingarorlof og verður í 40 % starfi fram til loka mars þegar hún fer í 80% starf. Johan fer í þriggja mánaðar fæðingarorlof á árinu en verður í fullu starfi á annatímanum.

Um miðjan mars (16.-17. mars) verður ráðstefna á vegum Skjólsskóga um búskaparskógrækt á Núpi í Dýrafirði. Starfsmenn NLS reikna með að fara á ráðstefnuna. Stjórn samþykkir að NLS bjóði til næstu ráðstefnu að ári. Þema verður skoðað nánar síðar.

### 2. Ársreikningurinn

Framkvæmdastjóri kynnti drög að ársreikningi. Ársreikningur sýnir jákvæða niðurstöðu um 15 millj. Í árslok 2004 sem er sama upphæð og vanefndir urðu á afhendingu plantna á árinu. Á næsta ári er stefnt að því að gróðursetja 1,5 millj. plantna.

### 3. Innsend erindi

Borist hefur bréf frá “Next generation” sem er skógræktarfyrtæki í Kanada þar sem Johanni er boðið til námsdvalar í 3 vikur í sumar. NLS greiðir laun og ferðakostnað en fyrirtækið annan kostnað. Stjórnin samþykkir að styðja Johan til þessarar námsferðar enda komi ný þekking NLS beint til góða. Johan tekur saman skýrslu og kynnir ferðina eftir heimkomu.

### 4. Inntaka nýrra jarða

Stjórnin samþykkir að taka inn eftirfarandi jarðir:

Jörð	Sýsla	Sveitarfélag
Bakkakot	A-Hún	Engihlíðarhreppur
Bjarghús	V-Hún	Húnaþing Vestra
Foss	Skag	Skagafjörður
Hjalli	S-Þing	Þingeyjarsveit

Illugastaðir	S-Þing	Þingeyjarsveit
Sandvík	S-Þing	Þingeyjarsveit
Öngulsstaðir I og III	Ey	Eyjafjarðarsveit
Hjarðarhagi	S-Þing	Aðaldælahreppur
Jarlsstaðir	S-Þing	Aðaldælahreppur
Kálfborgará	S-Þing	Þingeyjarsveit
Vellir	Ey	Dalvíkurbyggð

Þorvaldur tekur ekki þátt í afgreiðslu á inntöku Hjalla í verkefnið

Skoða þarf nokkrar jarðir fyrir næsta fund og væntanlega verður hægt að taka inn þær jarðir sem eftir eru á biðlista á þeim fundi.

## 5. Önnur mál

- Innflutningshóf 17. febrúar.

Haldið verður innflutningshóf þann 17. febrúar í samstarfi við Skógrækt ríkisins.

- Ráðning sumarstarfsmanns

Stjórnin samþykkir að ráða starfsmann til að endurkortleggja eldri jarðir í tveggja mánaða starf í sumar. Endurkortlagning er forsenda þess að átta sig á þörfinni fyrir endurgróðursetningu og meta grísjunarþörf.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:35.

Stefnt að næsta stjórnarfundum um miðjan apríl.

## 34. Stjórnarfundur Norðurlandsskóga 21. mars 2005.

Haldinn að hóteli Sögu

Allir stjórnarmenn mættir auk Valgerðar sem ritaði fundargerð

### 1. Staðan og starfið framundan

Rætt um stöðu verkefnisins almennt og framtíðina

### 2. Önnur mál

Framkvæmdastjóri tilkynnti að Guðríður mun fara aftur í fæðingaorlof í haust og hefur óskað eftir ársleyfi. Samþykkt af stjórn.

Framkvæmdastjóri fer fram á heimild til að ráða starfsmann í stað Guðríðar frá júní og til haustsins 2006. Samþykkt af stjórn.

Fleira ekki gert, fundi slitið

## 35. Stjórnarfundur Norðurlandsskóga í Gömlu Gróðrarstöðinni, Akureyri, 19. maí 2005

Allir stjórnarmenn mættir auk framkvæmdastjóra. Brynjar Skúlason ritaði fundargerð

### 1. Staðan og starfið framundan

Formaður og framkvæmdastjóri lýstu yfir ánægju með fyrstu mánuði í nýju húsnæði. Verið að vinna í að fá gott skilti við veginn. Skiltareglur eru orðnar strangari en áður. Hefðbundið vorstarf er framundan. Búið er að ráða tvo sumarstarfsmenn, Hildi Stefánsdóttur og Pál Sigurðsson. Hildur leysir Guðríði af með haustinu en Páll verður fyrst og fremst í

endurkortlagningu eldri ræktunarsvæða. Búið er að raða saman gróðursetningaáætlun, samtals tæpar 900 þús. plöntur sem fara út í vor og plöntugæði með miklum ágætum. Vegna tíðafars og næturfrosta er beðið með að keyra út plöntum og beðið átekta þar til sumarið kemur fyrir alvöru. Dreifingarstöðvarnar hafa í för með sér aukakostnað en eru að virka mjög vel til að tryggja góðar plöntur og bæta þjónustu við bændur. Jóhann fer til Kanada í mánuð og Brynjar í 10 daga til Nýfundnaland. Á næsta ári er komið að Norðurlandsskógum að halda ráðstefnu. Hugmyndin er að taka fyrir viðarnytjar sem þema ráðstefnunnar.

## 2. Taxtar

Stjórn samþykkir að hækkun á töxtum frá í fyrra miðist við launavísitölu. Meðfylgjandi taxtar samþykktir.

Taxtar NLS 2005		
Gróðursetning og áburðargjöf	NLS 2005	
Gróðursetning FP24/FP35	11,68	
Gróðursetning FP40	9,88	
Gróðursetning FP67	8,28	
Áburðargjöf á nýgróðursetningar	3,29	
Áburðargjöf á eldri gróðursetningar	4,99	
Plöntuflutningar	0,80	
Handflekking	6,05	
<b>skjólbeltavinnsla per 1000 m m/vsk</b>		
Plæging	4.186,00	
Húsdýraáburður	12.553,00	
Tæting og völtun	12.452,00	
Fering og frágangur	8.370,00	
Plöstun meira en 1000 m	9.700,00	
Plöstun 500-999 m	16.200,00	
Plöstun minna en 500 m	26.130,00	
Milliferðir per km.	89,90	
<b>Annað m/vsk</b>		
Dráttarvél án fylgihluta	1.765,00	kr/klst
Dráttarvél með áburðardreifara/vagn	2.295,00	kr/klst
Tvítoppaklipping	6.160,00	kr./ha
Mykjudreifing	11.130,00	kr./ha
Einföld slóðagerð	22.515,00	kr./km.
Plæging	10.780,00	kr./km.
Vélflekking	5.841,00	kr./klst.
Vélflekking	10.832,00	kr./ha

## 3. Svæðisskipulag

Skipulagið er að finna inn á heimasíðunni okkar nls.is. Frestur til athugasemda rennur út 20. maí 2005. Framundan er vinna við að fara yfir innsendar athugasemdir í samstarfi við Skipulagsstofnun. Tillagan er lögð fram til kynningar fyrir stjórn.

## 4. Ársskýrsla

Ársskýrslan lögð fram og samþykkt af stjórn.

## 5. Inntaka nýrra jarða

Samþykkt að taka inn eftirfarandi jarðir

Jörð	Sýsla	Sveitarfélag
Undirfell	A-Hún	Áshreppur

Hólar	Eyjafj	Eyjafjarðarsveit
Ytri-Skál	S-Þing	Þingeyjarsveit
Grundarás	V-Hún	Húnaþing vestra
Grímsunga	A-Hún	Áshreppur
Þingeyrar	A-Hún	Sveinsstaðahreppur
Dagverðartunga	Ey	Hörgárbyggð
Stóra-Seyla	Skag	Skagafjörður
Gröf	Ey	Dalvíkurbyggð
Myrkárbakki	Ey	Hörgárbyggð

## 6. Innsend erindi

Styrkumsókn frá Mógilsá

Stjórn Norðurlandsskóga samþykkir að veita kr. 200.000 í styrk vegna rannsóknarverkefnisins “Betri tré”. Jafnframt leggur stjórnin áherslu á að skýrslu vegna úttektar á birkiskógum sem styrkt var af Norðurlandsskógum 2001 verði skilað sem fyrst þannig að niðurstöður meigi nýtast verkefninu.

## 7. Endurskoðun laga

Drög að breytingum hafa verið send til umsagnar

Framkvæmdastjórnar verkefnanna ásamt fulltrúa S.R. og L.S.E áttu fund í vikunni þar sem sameiginlega var farið yfir lagatillögurnar. Stefnt er að sameiginlegum athugasemdum. Stjórnin skoðar drögin og stefnt að því að taka þau til umræðu á næsta fundi.

Fundi slitið 14:00. Næsti fundur ákveðinn í lok júlí.

## 36. Stjórnarfundur Norðurlandsskóga haldinn í Gömlu gróðrarstöðinni 22. september 2005 kl. 11.

Allir stjórnarmenn mættir ásamt framkvæmdarstjóra

### 1. Staðan og starfið framundan

Valgerður fór yfir verkefni framundan og stöðuna almennt. Haustgróðursetningar eru í fullum gangi og gengur nokkuð vel. Tíðarfar hefur sett aðeins strik í reikningin hjá sumum. Heildargróðursetning ársins stefnir í 1,3 – 1,4 miljón plöntur sem er það mesta hingað til og nokkuð nálægt áætlun ársins. Brynjar og Johan eru búnir að vera að kortleggja í haust um 15 jarðir og stefnt að því að ganga frá samningum við þessar jarðir fyrir áramót. Framundan er að ljúka úttektum framkvæmda ársins. Verið er að skoða áætlun næsta árs. Ástand plantna var með besta móti enda ekki tekið við plöntum sem ekki uppfylltu gæðastaðla. Johan fór í kynnisferð til Kanada og kynntist nýjum aðferðum við gróðursetningu og plöntudreifingu. Nánari kynning á ferðinni verður síðar. Brynjar fór í kynnisferð til Nýfundnalands á vegum Skógræktarfélags Íslands. Varpað fram hugmynd um fundarherferð um Norðurland t.d. lok febrúar eða byrjun mars sem stjórn, starfsmenn og félag skógarbænda myndu standa að. Staða verkefnisins yrði kynnt og framtíðarhorfur ræddar. Samþykkt að skoða þetta vandlega.

### 2. Endurskoðun laga um landshlutabundin skógræktarverkefni

Verkefnisstjórnar allra landshlutaverkefnanna hafa hist á tveim fundum ásamt fulltrúa Landssamtaka skógareigenda og Skógræktar ríkisins. Samþykkt var að gera sameiginlegar athugasemdir við frumvarpið ef það mætti verða til þess að frekar væri mark á þeim tekið. Stjórn fær lögin væntanlega til formlegrar umsagnar þegar ráðuneytið hefur afgreitt þau frá sér.

### **3. Svæðisskipulag**

Svæðisskipulagið hefur nú verið sent skipulagsstofnun sem hefur samþykkt það fyrir sitt leyti og sent umhverfissráðherra til staðfestingar. Stjórnin hefur samþykkt lokaútgáfu skipulagsins eins og það hefur verið lagt fram til samþykktar hjá umhverfissráðherra. Stjórnin felur framkvæmdastjóra að undirbúa samkomu með umhverfissráðherra og landbúnaðarráðherra þegar skrifað verður undir svæðisskipulagið og bjóða hagsmunatengdum aðilum að vera viðstöddum. Þessu tengt yrði send inn frétt til Bændablaðsins og e.t.v. víðar.

### **4. Endurskoðun fjárhagsáætlunar**

Fjárhagsstaðan virðist ætla að verða góð um áramót og áætlanir standast nokkurn vegin, þó hafa ekki fengist allar plöntur sem samningar voru um, þannig að einhver afgangur verður um áramót af þeim sökum.

### **5. Inntaka nýrra jarða**

Samþykkt að jörðin Árdalur í Kelduhverfi verði tekin inn. Þessi jörð var tekin inn árið 2000 en hóf aldrei framkvæmdir, nú hefur umsóknin verði endurnýjuð.

### **6. Önnur mál**

- Framkvæmdarstjóri tilkynnti um töku fæðingarorlofs frá og með febrúar í 6 mánuði. Formanni er falið að ganga frá afleysingarmálum.
- Framkvæmdastjóri fer fram á heimild stjórnar til að fjárfesta í vélflökkjara sem yrði til notkunnar í N-Þing, fyrirkomulag yrði eins og með þá tvo flekkjara sem keyptir voru 2001. Þ.e. gerður samningur við verktaka sem formlega er eigandi tækisins en greiðir NLS kaupverðið til baka í formi vinnu. Samþykkt.
- Starfsmönnum heimilað að kanna kaup á TTS-herfi, ákvörðun tekin á næsta fundi.
- Leigusamningi fyrir skrifstofuna á Húsavík hefur verið sagt upp. Samþykkt að Framkvæmdastjóri fái heimild til að ganga frá leigusamningi um skrifstofuhúsnæði í Ásbyrgi í staðinn, frá og með október 2006 þegar Gugga kemur aftur til starfa að loknu fæðingarorlofi.

### **7. Framlegging á plöntukaupasamningum.**

Stjórnin heimilar framkvæmdastjóra að framlengja þá plöntukaupasamninga sem samkomulag næst um. Annað verði boðið út.

Fleira ekki gert, fundi slitið. Fundargerð ritaði Brynjar Skúlason.

## **37. stjórnarfundur Norðurlandsskóga haldin að Þórisstöðum, föstudaginn 9. des. 2005 kl. 16. Allir stjórnarmenn mættir auk Valgerðar og Brynjars. Brynjar ritaði fundargerð.**

### **1. Staðan og starfið framundan**

Valgerður fór yfir gróðursetningarstörf ársins sem gengu vel þrátt fyrir mjög erfiða tíð bæði haust og vor. Fjöldi plantna var tæplega 1,4 millj. og er það mesta magn á ári hingað til. Þessa dagana fer fram vinna við gerð nýrra skógræktarsamninga. Þinglýstir samningar eru nú 122 og reiknað er með að í árslok verði þeir orðnir 130. Uppgjöri við bændur er lokið og búið

að framlengja plöntusamninga við plöntuframleiðendur. Svæðisskipulagið er búið að vera í umhverfisráðuneytinu síðan 16. sept. án afgreiðslu. Stjórn felur framkvæmdarstjóra að fylgja málinu eftir.

## **2. Fjárhagsáætlun 2006 (fylgiskjal 1)**

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi er hækkun framlags á milli ára um 4 %. Breyting á fjárhagsáætlun frá í fyrra er því ekki mikil. Gert er ráð fyrir kaupum á jarðvinnslutæki næsta ár fyrir Norðurland vestra. Stjórn samþykkir fjárhagsáætlunina.

## **3. Grisjunaráform 2006**

Brynjar hefur verið að taka saman grisjunarþörf næstu árin. Mjög aðkallandi er að grisja skóg gróðursettan á árabílinu 1983-1990. Skoða þarf vel að hefja kjarrsögun skógar frá 1991 til 1994 áður en hann verður of vinnufrekur í grisjun. Reiknað er með að gera talsvert átak í grisjun eftir áramót. Johan hefur sóst eftir því að vinna sem verktaki í grisjun um tíma á nýju ári. Auglýst verður eftir skógarbændum til grisjunarvinnu og leitað eftir samstarfi við S.r. og reynda grisjunarmenn í S.-Þing. og Eyjafirði.

## **4. Inntaka nýrra jarða**

Samþykkt að jörðin Ásbrekka í Áshreppi verði tekin inn í Noðurlandsskógaverkefnið.

## **5. Önnur mál**

- Ráðstefna um skógarumhirðu og skógarnytjar. Fyrir liggja fyrstu hugmyndir samstarfsnefndar um efnistöð og fyrirkomulag.
- Aldarafmæli Gömlu gróðrarstöðvarinnar er á næsta ári. Stjórnin felur starfsmönnum Norðurlandsskóga að vinna að því að halda uppá afmæli hússins og nota það sem hvatningu til að húsinu verði við haldið.
- Samþ. að Brynjar auki starfshlutfall uppí 100% og leysi Valgerði af á meðan hún fer í fæðingarorlof. Gengið var frá ráðningasamningi þess efnis.
- Stefnt að kynningarferð í febrúar 2006. Brynjar gerir tillögu að tímasetningu og staðsetningu fundanna og sendir til stjórnarmanna. Starfsmenn undirbúa kynningu og stjórnarmenn taka virkan þátt í undirbúningi og kynningu.
- Valgerður kynnti bréf frá Vesturlandsskógum þess efnis að tryggja þurfi aðkomu verkefnana að frumvarpi að nýjum lögum um landshlutabundnu skógræktarverkefni.

Stefnt er að næsta stjórnarfundi í lok febrúar.

Fundi slitið kl. 18:00.



# Ársreikningur